

Hús kveðja, sýning í Svavarssafni

Listakonan Eva Bjarnadóttir býður alla velkomna á sýningaropnun laugardaginn 21. maí. kl. 16:00. Ýmsir viðburðir verða haldnir í tengslum við húskveðjuna, bæði á Höfn og í Örfum.

Sjá nánar á baksíðu



Hugleiðing um hús

Hvað er hús? Í grunninn þá eru hús bara nokkurs konar hylki utan um manneskjur og starfsemi þeirra. Nokkrir veggir og oftast þak, sem vernda fólk, dýr og ýmsa muni fyrir veðrum og vindum, og jafnvel öðrum

óljósari hættum. Hús hafa oftast a.m.k. einar dyr til að komast inn um og út, og glugga til að auka ljósmagn og loftflæði, en allt á þetta sér einhverjar undantekningar.

Það getur verið ákveðinn andi í húsi, sem fylgir þeim tilgangi sem manneskjur hafa gefið því. Og þegar

starfsemin breytist þá breytist andi hússins um leið. Sum hús eiga sér ótal hlutverk og mismunandi lífsskeið sem hefjast og enda með breytingum í tækni, menningu, efnahag eða jafnvel samgöngum.

Björn Snær Fjallaskáld

Öræfingar ganga í Kaupfélag Austur-Skaftfellinga

Fimmtugasti og sjöundi aðalfundur Kaupfélags Skaftfellinga var settur í félagsheimilinu á Kirkjubæjarklaustri laugardaginn 30. maí síðastliðinn. Samþykkt var að kaupfélagsdeild Öræfinga skyldi fá að ganga úr

samtökunum og sameinast Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga. Samkomulagið byggist á því að Kaupfélag Austur-Skaftfellinga kaupi fasteignir Kaupfélags Skaftfellinga á Fagurhólsmýri, þ.e.a.s. verslunarhús og sláturhús ásamt öllum búnaði, tækjum og varningi sem þar er. Viðskilnaður miðaðist við árslok 1964 og Kaupfélag Austur-Skaftfellinga keypti þetta á bókfærðu verði á 509.694,00 krónur.

Fulltrúar Kaupfélagsdeildarinnar í Örfum gátu því miður ekki sótt aðalfund af ótta við að bera influensusmit til Öræfa, en færðu Kaupfélagi Skaftfellinga þakkir fyrir þess stóra þátt í að létta Öræfingum lífsbaráttuna um hálfrar aldar skeið.

Ritstjórn

DAGSKRÁ

21. maí

Hús kveðja, opnun í Svavarssafni kl. 16:00

28. maí

Gönguferð (2 skór) út í Salthöfða & húskveðja í Gömlubúðinni á Fagurhólsmýri

Gangan hefst kl. 14:00 en húskveðjan kl. 16:30

2. júní

Lesið í hús, Guðbjörg R. Jóhannesdóttir & Auður Hildur Hákonardóttir ræða verk Evu og samhengi þeirra kl. 20:00 í Svavarssafni

7. júní

Again the Sunset, framsækið dansverk eftir Ingu Huld Hákonardóttur og

Yann Leguay í Svavarssafni kl. 20:00


10. júní

Kveðjuhóf í Svavarssafni þar sem sýningarstjóri býður upp á pönnukökur kl. 15:00

BÆNDUR ATHUGIÐ!

B-275.

Dráttarvélín hefur marga kosti umfram aðrar velar af svipaðri gerð.



STERK, FLJÓTVIRK OG AFKASTAMIKIL. ÁMOKSTURSTÆKI SLÁTTUVÉL MEÐ 5 EÐA 6 FETA GREIDU STAÐSETT MILLI HJÓLA

4 strokka fjörgengisvél með toppventlum, rafmagnsræsi og glóðarkertum. Óháð vökvalyfta, mismunadrifslæsing, diskahemlar, þritengibeisli, 8 girar áfram, 2 girar afturábak.

**Kaupfélag
Vestur-Skaftfellinga**

Peir sem verzlá
í kaupfélaginu
tryggja sinn eigin hag

SELJUM:

allar fánlegar nauðsynjavörur á hagstæðu verði.

KAUPUM:

íslenskar framleiðsluvörur.

Tryggingaumboð fyrir Samvinnutryggingar og Andvöku.

KAUPFÉLAG

AUSTUR-SKAFTFELLINGA

HÖFN

Ritstjórn Höfðans

Eva Bjarnadóttir formaður

Snæbjörn Brynjarsson gjaldkeri

Tim Junge ritari

Útgefandi: Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Ritnefnd Höfðans:

Steinunn Björg Ólafsdóttir, Einar Bjartur Egilsson,

Gunnlaugur Bjarnason og María Sól Ingólfssdóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Auður Hildur Hákonardóttir & Guðbjörg R. Jóhannesdóttir

Ritstjórn vill koma sérstökum þökkum til:

Ingu Huld Hákonardóttur, Yann Leguay,

Elínar Gunnlaugsdóttur, Gunnþóru Gunnarsdóttur,

Sigrúnar Þorsteinsdóttur, Egils Gunnarssonar,

Unnar Bjarnadóttur, Ísmús, Hauks Snorrasonar,

Halldóru Oddsdóttur, Sigrúnar Sigurgeirsdóttur,

Jónínu Sigurgeirsdóttur, Ingunnar Jónsdóttur,

Pálinu Þorsteinsdóttur, Halldóru Jónsdóttur,

Jón Ágúst Guðjónsson, Aðalgeirs Arasonar, Anna Yates,

Farvi, Joe Keys, Marcel, Listaháttir Reykjavíkur,

Byggðasafns og Héraðsskjalasafns Austur-Skaftafellssýslu

og Héraðsskjalasafns Rangæinga og V-Skaftfellinga.



SVAVARSSAFN
LISTASAFN - ART MUSEUM

Myndlistarsjóður
Icelandic Visual
Arts Fund



SASS
SAMTÖK
SUNNLÉNSKRA
SVEITARFELLAGA

Ávarp sýningarstjóra

Eitt það fyrsta sem ég hugsaði með mér þegar ég tók að leysa Auði Mikaelsdóttur af á Svavarssafni var hversu spennandi og skemmtilegt það gæti verið að vinna með Evu Bjarnadóttur. Eva er listamaður sem sameinar bæði hið þjóðlega og alþjóðlega, hún er framúrstefnuleg og stórhuga, en um leið áhugasöm um fortíðina og hið smáa. Eva er ættuð úr Örafum, héraðinu milli sanda, en hún lærði myndlist við Gerrit Rietveld akademíuna í Hollandi. Síðan hún sneri heim til Íslands hefur hún stuðlað að öflugu menningarlífi í sinni heimasveit. Gamla slátruhúsið sem hún fékk afhent 2017 hýsir nú, fyrir utan hænsni, ýmsa viðburði, tónleika og myndlistarsýningar. En það var einmitt starfsemi hennar í slátruhúsinu sem vakti athygli mína á henni.

Árið 2019 var Eva með sýningu í Midpunkt, sýningarrými sem ég og eiginkona mín Ragnheiður rákum í Kópavogi 2018 - 2021. Sýningin hét Í morgunsárið og snérist um þetta slátruhús. Sú sýning spurði eins og þessi, áleitinna spurninga fyrir söfn og menningarrými á borð við Svavarssafn: Hvað er svona merkilegt við gamla muni og minningar? Hvað merkja þessir hlutir þegar þeir eru sýndir utan staðarins? Eins og t.d. þegar sloppar, svuntur og hárnét sem starfsfólk slátruhússins í Örafum klæddust við störf sín til ársins 1988 birtast skyndilega í kjallara í Kópavogi undir því yfirskyni að um myndlist sé að ræða.

Þegar ég ræddi þá hugmynd við Evu að sýna um eins mánaðar skeið átti ég allt eins von á því að hún myndi hafna því. Tímarammi sýningarinnar var ekki bara stuttur heldur undirbúningstíminn fram að sýningu heldur knappur. En Eva kom með þá skemmtilegu hugmynd að setja upp sýningu í stöðugri þróun, sýningu sem er lifandi viðburður og samtal, þar sem vefast saman gjörningar, byggðasaga og pönnukökur. Hús kveðja er kveðjustund og nýtt upphaf. Að þessu sinni er fókusinn ekki á slátruhúsi sem endurfæðist sem menningarmiðstöð heldur á húsi sem hýsti fyrstu verslun Örafinga. Þetta vöruhús er

stundum kallað Gamlabúðin og er í um tvö hundruð metra fjarlægð frá slátruhúsinu, fyrir neðan hamrabeltið á Fagurhólsmýri. Gamlabúðin gengur nú í gegnum umbreytingaskeið eftir áratuga dvala, þar sem húsið mun senn hýsa Evu og hennar fjölskyldu.

Samkvæmt því sem Sigurður Björnsson frá Kvískerjum skrifar í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu munu Örafingar hafa sótt verslun að Höfn í Hornafirði eftir söguöld sem rekin var af Þjóðverjum. Með tilkomu einokunarverslunar neyddust bændur í Örafum til þess að fara alla leið á Djúpavog fram til ársins 1787. Það er ekki hagkvæmt þegar maður hefur í huga að frá Fagurhólsmýri eru um 224 kílómetrar á Djúpavog. Þessar ferðir voru farnar á hestum og þurfti að fara yfir erfiðar ár og sanda, en 1915 hófust skipaferðir til Örafæ. Það voru auðvitað ekki fyrstu skipaferðirnar þangað, enda tók Ingólfur Arnarson land í Örafum og einnig Þorgerður landnámskona.

Eins og heyra má getum við rakið verslunarsögu Örafæ, ef ekki til Ingólfs Arnarsonar þá allavega til þýsku aldarinnar svonefndu og séð að það eru djúpar sögulegar tengingar milli Örafæ og Hornafjarðar. En þegar uppskipun hófst varð hagkvæmast fyrir Örafinga að beina viðskiptum sínum í vesturátt, í Mýrdalinn, og versla við Kaupfélag Skaftfellinga. Rétt eins og kaupskip komu í stað hesta og flugsamgöngur tóku við af skipaferðum, þá átti billinn eftir að gerbreyta verslunarháttum og leiða á endanum aftur til þess að Örafingar hölluðu sér aftur í austurátt.

Við lifum á tímum minnkandi fjarlægða og aukins samruna. En þegar ferðavenjur breytast þá breytast bæði atvinnuhættir og menning. Fyrir vöruhús sem reist var í tengslum við flugsamgöngur þess tíma, þýddi opnun hringvegarins að húsið varð óheppilega staðsett. Þegar árið 1962 er Fjallsá á Breiðarmerkursandi var brúuð hafði sú þróun veruleg áhrif á viðskiptahætti í Örafum. Bændur í Örafum höfðu á þeim tímapunkti í nærri hálfa öld stundað flest sín viðskipti við Kaupfélag Skaftfellinga í Vík en nú leit út fyrir að senn yrði hagkvæmara að beina þeim

til Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Árið 1964 keypti Kaupfélagið á Höfn fasteignir Kaupfélags Skaftfellinga í Örafum, húsin sem Eva hefur á undanförnum árum unnið með í listsköpun sinni. Tíu árum síðar, árið 1974 var hringvegurinn fullkláraður er Skeiðarárbrú var vígð.

Myndlistarsaga Íslendinga er styttri en verslunarsagan, a.m.k. fáum við ekki almennilega rakið hana aftur til landnáms. Það mætti segja að Örafin stígi fyrst inn í íslenska myndlistarsögu af alvöru þegar Ásgrímur Jónsson, birtist þar með trönur sínar sumarið 1911. Örafin ná þannig ári fyrr inn í sögu málalistarinnar en Höfn, sem Ásgrímur heimsótti ári síðar. Um Örafin sagði fyrsti atvinnu-málari Íslendinga að mjög væri náttúran stórbrotin og fögur, en þar málaði hann m.a. Örafajökul og Svínafell, sem hann taldi líta út eins og Ísland á fornöld, með skógum upp til hlíða en skriðjökulstauma fram á láglendið. Með því að lesa lýsingar Ásgríms verður manni ljóst að landið var ekki auðvelt yfirferðar. „Skeiðará er eitt hið mesta skaðræðisvatnsfall sem um getur, og kunna ekki aðrir á það en Örafingar. Ég fékk tvo menn til að fylgja mér vestur og kveið hálfgrert fyrir ferðinni [...]“ Eitt af því sem vakti athygli mína við ferðasögu Ásgríms voru ekki bara lýsingar á landi, sem er ægífagurt og illt yfirferðar heldur hvar hann gisti og hver var gestgjafi hans. Það var á Fagurhólsmýri hjá langlangafa Evu, Ara Hálfánarsyni, sem fylgdi honum um sveitina, t.d. út á hinn einkennilega Ingólfshöfða, eins og Ásgrímur orðar það.

Upphaf myndlistarhefðar í Örafum er því nátengt bæjarstæðinu á Fagurhólsmýri. Örafin eru skrifuð inn í hefðina eins og flestar byggðir á jaðrinum, með augum aðkomumanna sem mála upp myndir af framandi landslagi til að selja. Í þessu tilviki voru olíumálverkin og vatnslitaverkin seld bæði í Reykjavík og Kaupmannahöfn og ekki varðveitt í Skaftafellssýslum. En eftir því sem leið á 20. öldina breyttust starfsaðferðir myndlistarmanna. Málara á borð við Svavar Guðnason ruddu óhlutbundinni list braut á Íslandi eftir stríð. Um það leyti sem verslun Örafinga var að færa sig aftur frá vestri til austur og Örafadeild KASK á Fagurhólsmýri

flutti upp fyrir hamrana, var ný kynslóð myndlistarmanna að ganga jafnvel enn lengra og segja skilið við strigann alfarið. Einn athyglisverðasti meðlimur þeirrar kynslóðar, Birgir Andrésson, tel ég að hafi ákveðið gildi fyrir þessa sýningu. Á sinni fyrstu einkasýningu í Galleríi Suðurgötu sýndi hann ljósmyndir af eyktarmörkum. Fyrr á öldum skiptu Íslendingar deginum upp í átta, þriggja stunda einingar, sem sumar koma enn fyrir í daglegu tali eins og t.d. hádegi og miðnætti, meðan aðrar á borð við rismál og miðmunda eru minna notaðar. En í samfélagi þar sem ekki voru klukkur á hverjum bæ urðu bændur að reiða sig á landslagið til að segja til um gang sólarinnar og þaðan koma örnefni á borð við Hádegishóla og Miðmundagil svo dæmi séu nefnd. Um ljósmyndirnar skrifaði Bragi Ásgeirsson listgagnrýnandi að þær væru afspyrnu ljótar, en það þarf þó ekki að undrast ef þær voru viðvaningslegar. Hannes frá Hækingsdal sem tók myndirnar hafði aldrei áður haldið á myndavél þegar Birgir keyrði til hans og bað hann um að taka myndir af eyktarmörkum. Og þótt þær hlytu ekki lofsamlega dóma sýndi Þjóðminjasafnið þeim strax áhuga því á daginn kom að þetta voru einu ljósmyndirnar af eyktarmörkum; það var ekki fyrr en myndlistarmaður fékk áhuga á þeim sem að fólk áttaði sig á því að þetta væri „þekking sem væri að deyja út í hausnum á gömlum körlum.“ (Heimild: Birgir Andrésson í íslenskum litum, e. Prösti Helgason)

Ég nefni þetta í samhengi við sýningu Evu því hún líkt og Birgir beinir sjónum okkar að fortíðinni og spyr okkur: Er eitthvað merkilegt þarna sem við þurfum að velta fyrir okkur, varðveita eða vinna með? Ólíkt Ásgrími Jónssyni er hún heimamaður sem sér umhverfi sitt ekki sem framandi, heldur sem hversdagslegt. Við erum mun fremur á slóðum nostalgíunnar heldur en ægífegurðar. Og ólíkt Hannesi frá Hækingsdal er hún menntaður myndlistarmaður sem beitir aðferðum samtímalistarinnar við sköpun sína.

Með þessari sýningu vonast ég til þess að vekja athygli allra Hornfirðinga á því menningarstarfi sem á sér stað á Fagurhólsmýri og um leið undirstrika að Svavarssafn sé listasafn Örafinga rétt eins og það er listasafn þeirra sem búa á Höfn.

Dagskráin sem Eva hefur útbúið handa

okkur er fjölbreytt. Við höfum færi á að heimsækja Gömlubúðina laugardaginn 28. maí, en þá verður farin söguganga út í Salthöfða þar sem skáld og sögumenn kynna okkur fyrir svæðinu og að henni lokinni haldin húskveðja. Þann 2. júní skoðum við hvernig hægt er að lesa í hús og muni með Auði Hildi Hákonardóttur og Guðbjörgu R. Jóhannesdóttur í Svavarssafni þar sem sýningin verður sett í víðara samhengi, í samstarfi við Bygðasafn Austur-Skaftafellssýslu. Að lokum má nefna að í boði Listahátíðar í Reykjavík kemur belgiski tónlistamaðurinn Yann Leguay og dansarinn Inga Huld Hákonardóttir, sem flytja fyrir okkur dansverkið *Again the sunset* inn í sýningunni sjálfri þann 7. júní. Þessi hátíð hefst 21. maí með opnun í Svavarssafni og endar með kveðjuhöfi þann 10. júní. Dagskráin er opin öllum sem vilja taka þátt og er nánar útlistuð á bakhlið.

Við hlökkum til að taka á móti ykkur.

Snæbjörn Brynjarsson

Örafalest-brot

Þeir erfðu þann hlut hér í Örafasveit
að illt var til búðar að sækja.

En áthagatryggðin var hamingjuheit
og hér þurfti skyldur að rækja.

Og kaupstaðarlestin var leidd yfir árnar,
þótt löðruðu um fax, eða klungrast
um gjárnar.

En ill er sú hindrun að ófær sé þeim
sem ætla og þrá að ná heim.

Og Suðurland lögðu þeir hálfir undir hof
með heimilisbjörgina á klaknum.

Hver þorir nú lengur að þreyta það próf
sem þarna var staðist í hnakknum?

Þeir ýttu úr fjöru, þótt freyddi um ræði,
í fanginu vöru þeir burgu undan flæði.

En straumar og brim þegar lokuðu leið,
var leitað á bláloftin heið.

Þorsteinn Jóhannsson



Svavar Guðnason sýnir í Bandaríkjunum

Hinn heimskunni abstrakt-málari, Svavar Guðnason, sýndi nýverið á Grönningen sýningunni í Kaupmannahöfn. Það er ekki það eina sem er á döfinni hjá listamanninum heldur mun hann taka þátt í stórrí samsýningu vestanhafs í Pittsburgh og Washington á næsta ári. *Ritstjórn*

Kuðungakrabbinn

Til eru krabbar, er nefnast kuðungakrabbar. Þessir krabbar, sem finna má í fjörum víðsvegar um land, eru ekki með skel og reiða sig því á það skjól sem þeir finna í kuðungum sniglategunda til að hlífa sér fyrir veðrum og vindum. Krabbarnir eiga það til að skiptast á íbúðum og mætti því segja að kuðungakrabbar hafi bæði hús og húsnæðismarkað. *S.B.*

Skrítlan

Málari: „Þetta er kýr á beit.“
Gestur: „Hvar er grasið?“
Málari: „Hún er búin að éta það.“
Gestur: „En hvar er kýrin?“
Málari: „Hún fór þegar grasið var búið.“
Ritstjórn

Blesaklettur

Þegar gaus í Örafajökli 1362 segir í sumum heimildum að engir hafi lifað af aðrir en gömul kona og kapall. Sumarið eftir sáu þingmenn á leið til Alþingis blesóttan hest á kletti á Fagurhólsmýri, en þegar þeir reyndu að höndla hestinn fældist hann og steiptist fram af klettinum. Þess vegna heitir kletturinn sem stendur fyrir aftan Vöruhús Kaupfélagsins Blesaklettur. *S.B.*



Nýir íbúar

Heyrst hefur að ferðalangurinn og listamaðurinn Guðjón S. Runólfsson hafi hug á því að setjast að í Örafunum. Hann hefur á undanförnum árum lent í ýmsum ævintýrum þar sem hann hefur verið búsettur í Kanada. Guðjón fæddist á Hömrum í Mýrahreppi og telur heimildamaður Höfðans sennilegt að Guðjón snúi heim til Íslands á allra næstu árum. *S.B.*

Músagangur

Vissir þú að mýs komust ekki inni Örafen fyrir en eftir að jökulárnar sitt hvoru megin við sveitina voru brúaðar? *S.B.*

DAGSKRÁ

Hús kveðja, opnun 21. maí kl. 16:00

Boðið verður upp á pönnukökur og spjall með listamanni á opnun í Svavarsafni.

Gönguferð (2skór) & húskveðja 28.maí kl. 14:00

Eva leiðir göngu úti Salthöfða á Fagurhólsmýri þar sem flutt verða ljóð og ýmis fróðleikur á leiðinni. Húskveðja haldin í Gömlubúðinni. Gangan hefst kl. 14:00 en gjörningurinn kl. 16:30.

Lesið í hús 2. júní kl. 20:00

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Auður Hildur Hákonardóttir rýna í muni safneignar Byggðasafnsins og verk Evu í Svavarsafni.

Again The Sunset 7. júní kl. 20:00

Again the Sunset eftir dansarann Ingu Huld Hákonardóttur og Belgíska hljóðlistamanninn, Yann Leguay, er upplifun sem dansar á mörkum þess að vera tónleikar og gjörningur. Sýningin fer fram í Svavarsafni.

Kveðjuhof 10. júní kl. 15:00

Sýningarstjóri býður gestum upp á heimabakaðar pönnukökur í Svavarsafni.

For English translation



scan QR code

1965

Maí

1965

1965

Júní

1965

Sunnud.	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.	Laugard.
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21 KL. 16:00 Opnun
22	23	24	25	26	27	28 KL. 14:00 Gönguferð & Húskveðja
29	30	31				

Sunnud.	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.	Laugard.
			1	2 KL. 20:00 Lesið í hús	3	4
5	6	7 KL. 20:00 Again The Sunset	8	9	10 KL. 15:00 Kveðjuhof	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		